

Atvinnuveganefnd  
Nefndasvið Alþingis  
Alþingi v/Austurvöll  
150 REYKJAVÍK

Garðabær, 14. nóvember 2011  
2011100013/42-1-3  
TB  
jgo/tb

### Tillaga til þingsályktunar um eflingu græna hagkerfisins á Íslandi

Vísað er til tölvupósts/bréfs frá atvinnuveganefnd Alþingis, dags. 21. október sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um tillögu til þingsályktunar um eflingu græna hagkerfisins á Íslandi. Í tillögunni er gert ráð fyrir að fela forsætisráðherra að stýra mótun aðgerðaáætlunar um grænt hagkerfi sem miði að því að Ísland skipi sér í fremstu röð á alþjóðavettvangi, sem grænt hagkerfi, með áherslu á hreina náttúru, sjálfbæran orkubúskap, nýsköpun og menntun til sjálfbærni.


Í tillögunni eru talin upp nokkur atriði sem eiga að móta stefnu við framkvæmd græna hagkerfisins s.s. að ríkið verði fyrirmynd og skapi aðstæður fyrir grænt hagkerfi, að hagrænum hvötum verði beitt til að efla græna hagkerfið, að mengunarbótareglan verði grunnur að gjaldtöku, að varúðarreglan verði óaðskiljanlegur hluti af efnahags- og atvinnustefnu stjórnvalda o.s.frv. Síðan eru lagðar fram ýmsar tillögur um framkvæmd stefnunnar þar sem m.a. er komið inn á hvernig opinbera stofnanir eigi að taka þátt í því að koma græna hagkerfinu á s.s. í gegnum vistvæn innkaup, betri orkunýtingu, nýja aðferðafræði við gerð ársskýrslna o.s.frv.

Náttúrufræðistofnun Íslands styður framlagða tillögu til þingsályktunar enda markmið hennar að innleiða og framkvæma hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar í almennum rekstri, þ.m.t. ríkisstofnana, og við ákvarðanatöku í efnahags- og atvinnumálum. Náttúrufræðistofnun vill hins vegar benda á, með hliðsjón af rekstri opinberra stofnana, að nýir starfshættir krefjast góðs undirbúnings og að nægur tími sé fyrir hendi innan stofnana til að sinna slíkum breytingum.

Virðingarfyllst



Jón Gunnar Ottósson  
forstjóri



Trausti Baldursson

